

Birgir Þórarinsson
Minna-Knarrarnesi
190 Vogar

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
25. mars 2014 /0.5.0	
Tilv.	_____



Reykjavík, 25. mars 2014
Tilvísun: UST20140300033/ksj

Framkvæmd á Minna- Knarrarnesi á Vatnsleysuströnd. Bændakirkja

Vísað er til erindis landeiganda að Minna - Knarrarnesi á Vatnsleysuströnd, er barst 5. mars sl. þar sem óskað er umsagnar um framkvæmd á jörðinni Minna- Knarrarnesi á Vatnsleysuströnd.

Fyrirhugað er að byggja litla bændakirkju til einkanota á jörðinni Minna -Knarrarnesi. Áætluð staðsetning er á heimatúni og verður fyrirhuguð bændakirkja 40 m² að stærð.


Náttúruminjar


Áætluð bændakirkja til einkanota er staðsett á svæði á náttúruminjaskrá. Svæðið er nr. 110 í skránni og þar segir: Tjarnir á Vatnsleysuströnd, Vatnsleysustrandarhreppi, Gullbringusýslu. (1) Síkistjörn, Vogatjörn, Mýrarhústjörn, Gráhellu, tjarnir við Hlöðunes, Ásláksstaðatjörn, Sjónarhólstjörn, Knarrarnestjörn, Landakotstjörn, Kálfatjarnartjörn og Bakkatjörn, ásamt nánasta umhverfi. (2) Lífríkar tjarnir með fjölbreyttu fuglalífi.

Niðurstaða

Áætlað framkvæmdasvæði er á röskuðu svæði þ.e. túni og stendur nær aðkomuvegi en íbúðarhús jarðarinnar og er staðsett um 200 m frá fjöru. Framkvæmdir munu ekki raska tjörnum eða öðrum náttúruminjum. Umhverfisstofnun gerir ekki athugasemd við að reist verði 40 m² bændakirkja á þeim stað sem sýndur er á innsendri afstöðumynd.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur